Alþingi
Atvinnuveganefnd
V. Austurvöll
Sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 26. nóvember 2026

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði orkumála (EES-reglur), þskj. 316 – 283. mál, 158. löggjafarþing

1. Inngangur

Samorka styður markmið frumvarpsins um að innleiða tilskipun (ESB) 2018/2001 (RED II) og efla þátttöku notenda í framleiðslu, geymslu og sölu endurnýjanlegrar raforku.

Í umsögn þessari er bent á tæknilegar útfærslur sem að mati Samorku og aðildarfyrirtækja er nauðsynlegt að laga til að breytingarnar samræmist þeirri sérleyfisskipan dreifiveitna sem raforkulög kveða á um, reglum um raforkuviðskipti, mælingar og öryggi dreifikerfisins.

Samorka bendir einnig á að óheppilegt sé að innleiða RED II áður en tilskipun (ESB) 2019/944 um sameiginlegar reglur fyrir innri markað raforku (4. raforkutilskipunin) hefur verið tekin upp í EES-samninginn. RED II gengur að ýmsu leyti út frá reglum þeirrar tilskipunar meðal annars um virka notendur samsöfnun og orkusafnara. Dæm um þetta er jöfnunarábyrgð orkusafnara. RED II gerir ráð fyrir að jafningaviðskipti geti farið fram með milligöngu orkusafnara (18. tl. 2. gr.) en skilgreinir hvorki samsöfnun né orkusafnara og mælir ekki fyrir um skyldur hans. Það gerir tilskipun 2019/944 þar sem samsöfnun er skilgreind í 18. gr. 2. gr.) og kveðið á um að orkusafnari beri fjárhagslega ábyrgð á frávikum sem hann veldur og sé ýmist sjálfur jöfnunarábyrgur eða feli öðrum jöfnunarábyrgð sína (d-liður 3. mgr. 17. gr.). Í frumvarpinu eru hugtök úr tilskipun 2019/944 tekin upp án þeirra skyldna sem þeim fylgja þar.

Samorka fagnar því jafnframt að í frumvarpið hafi, frá því að málið var í samráðsgátt, verið tekið upp ákvæði um samþættingu leyfisveitinga og að lagt sé nú til að lögfesta bindandi hámarksfresti. Samorka leggur þó áherslu á að þeir frestir sem mælt er fyrir um í frumvarpinu breyti að takmörkuðu leyti núverandi umgjörð leyfisveitinga. Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir samþættingu umhverfismats og leyfisveitingarferils sem er nauðsynlegt skref til að raunverulega einfalda og stytta ferlið. Í frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna flýtingar uppbyggingar raforkuinnviða sem nú er í samráðsgátt stjórnvalda, mál nr. S-232/2026, er lagt til að þetta skref verði stigið til fulls. Samorka fagnar þeirri áherslu sem þar birtist og beinir því til stjórnvalda og Alþingis að flýta afgreiðslu þess máls.

2. Almennar athugasemdir

Dreifing raforku er sérleyfisstarfsemi og dreifiveitur hafa hefur opinberan einkarétt til dreifingar á sínu dreifiveitusvæði, sbr. 13. gr. raforkulaga. Dreifiveitur á Íslandi eru fimm: Veitur, HS Veitur, RARIK, Norðurorka og Orkubú Vestfjarða. Dreifiveitum ber skylda til að tengja viðskiptavini, auk skyldna um mælingar, öryggi og gæði raforku sbr. 16. gr. laganna og reglugerðir nr. 1040/2005 og nr. 1150/2019. Jöfnunarábyrgð hvílir á sölufyrirtækjum, sbr. 2. tl. 31. gr. reglugerðar nr. 1040/2005.

Nýjum réttindum notenda og orkusamfélaga þarf að fylgja skýr afmörkun gagnvart þessari skipan. Að öðrum kosti er hætt við að til verði dreifikerfi utan sérleyfis, viðskipti án jöfnunarábyrgðar og að kostnaður vegna slíkrar starfsemi færist á aðra almenna notendur dreifikerfa.

3. Afmarkað athafnasvæði og samlag notanda (1. gr., og b-liður 7. gr.)

Afmarkað athafnasvæði (1. tl. 1.gr.)

Samorka leggur til að meginskilyrði skilgreiningarinnar verði að raforka fari ekki um dreifi- eða flutningskerfi. Einstaklingar og fyrirtæki mega ekki reka dreifikerfi enda færi slík starfsemi inn á sérleyfi og einkarétt dreifiveitu samkvæmt 13. gr. raforkulaga.

Skilgreiningin í 1. gr. tekur til „fasteignar, lóðar, byggingar eða annars afmarkaðs starfssvæðis“ þar sem raforkan er ekki flutt um „almennt“ dreifi- eða flutningskerfi. Skilyrðið um að raforkan fari ekki um almennt kerfi lýsir aðstæðum en bannar ekki einkalagnir. Orðið „almennt“ gefur auk þess til kynna að til sé „óalmennt“ dreifikerfi sem ekki falli undir sérleyfi.

Hugtakið er jafnframt notað með ólíkum hætti í frumvarpinu. Í nýrri málsgrein 17. gr. a (4. gr.) er talað um „athafnasvæðis hans“, án orðsins afmarkað. Samræma þarf orðalagið svo að ávallt sé vísað til skilgreinda hugtaksins.

Skilgreiningin á að taka mig af 14. tl. 2. gr. RED II, þar sem notandi sem framleiðir sjálfur er skilgreindur sem lokanotandi sem starfar innan eigin athafnasvæðis innan afmarkaðra marka (e. „within its premises located within confined boundaries“). Samorka leggur því til að skilgreiningin taki til eigin notkunar notanda og að sameiginleg framleiðsla tveggja eða fleiri notenda fari eftir 18. gr.d og að tekið verði fram að skilgreiningin feli ekki í sér sjálfstæða heimild til reksturs dreifikerfis.

Tillaga að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
1. tölul. 1. gr. (3. gr. raforkulaga)	Afmarkað athafnasvæði: Fasteign, lóð, bygging eða annað afmarkað starfssvæði þar sem framleiðsla, geymsla og notkun raforku fer fram undir yfirráðum eins eða fleiri notenda endurnýjanlegrar raforku sem þeir framleiða sjálfir, án þess að raforkan sé flutt um almennt dreifi- eða flutningskerfi.	Afmarkað athafnasvæði: Afmarkað svæði notanda þar sem framleiðsla, geymsla og eigin notkun endurnýjanlegrar raforku fer fram án þess að raforkan fari fram um dreifi- eða flutningskerfi. Skilgreiningin felur ekki í sér sjálfstæða heimild til reksturs dreifikerfis.

Samlag notenda (2. mgr. 18. gr. d)

Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. d er notendum heimilt að starfa í samlagi, „svo sem“ innan sama fjölbýlishúss eða afmarkaðs athafnasvæðis. Frumvarpið gengur þar lengra en RED II. Samkvæmt 15. tl. 2. gr. og 4. mgr. 21. gr. tilskipunarinnar er sameiginleg eigin framleiðsla bundin við notendur sem eru staðsettir í sömu byggingu, þar á meðal fjölbýlishúsi (e. „located in the same building, including multi-apartment blocks“). Samorka leggur til að samlag verði bundið við sömu byggingu í samræmi við þetta.

Tillaga að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
2. mgr. 18. gr. d (b-liður 7. gr.)	Notanda skv. 1. mgr. er heimilt að starfa í samlagi, svo sem innan sama fjölbýlishúss eða afmarkaðs athafnasvæðis.	Notendum skv. 1. mgr. er heimilt að starfa í samlagi innan sömu byggingar, þar á meðal fjölbýlishúss.

4. Markaðsaðili og orkusafnari

Markaðsaðili

Bæði í skilgreiningu jafningjaviðskipta og orkusafnara í 1. gr. er notað hugtakið *markaðsaðili*. Það hugtak er nú skilgreint í 13. tl. 3. gr. raforkulaga, sbr. lög nr. 45/2026, sem hver sá sem stundar viðskipti með heildsöluorkuafurðir.

Í RED II er notað sama orð „markaðsaðili“ eða „market participants“ á ensku í 18. tl. 2. gr. Þar er hugtakið óskilgreint. Í reglugerð (ESB) 2019/943, sem ekki hefur verið tekin upp í EES-samninginn, tekur það til allra sem kaupa, selja eða framleiða raforku. Sama orð hefur því aðra og þrengri merkingu í raforkulögum en í tilskipuninni. Verði frumvarpið að lögum óbreytt gætu heimili sem eiga jafningjaviðskipti talist markaðsaðilar í skilningi raforkulaga. Samorka leggur til að í stað „markaðsaðila“ verði vísað til notenda, framleiðenda, orkusamfélaga og sölufyrirtækja eftir því sem við á.

Leyfisskylda orkusafnara

Samorka leggur til að 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins falli brott og að orkusafnarar þurfi leyfi til raforkuviðskipta samkvæmt meginreglu 1. mgr. 18. gr. raforkulaga.

Samkvæmt 3. tl. 1. gr. er orkusafnari aðili sem sameinar álag eða vinnslu til kaups, sölu eða uppboðs á raforkumarkaði eða til afhendingar kerfisþjónustu. Það er í eðli sínu starfsemi á raforkumarkaði. Í greinargerð með 5. gr. kemur fram að einmitt sú starfsemi falli ekki undir undanþáguna. Undanþágan taki aðeins til tæknilegrar þjónustu við skipulagningu deilingar, vinnslu mæligagna, innra fjárhagslegt uppgjör þátttakenda og stýringu notkunar á afhendingarstað, enda kaupi eða selji þjónustuveitandinn ekki raforku í eigin nafni. Jafnframt sé ekki hróflað við lögbundnu hlutverki dreifiveitna við mælingar, gagnaskipti og uppgjör.

Samorka tekur undir þessa afmörkun. Ákvæðið er hins vegar óþarft til að ná henni fram enda telst slík tæknileg þjónusta ekki til raforkuviðskipta og er því ekki leyfisskyld samkvæmt 1. mgr. 18. gr. Þetta kemur einnig fram í greinargerðinni. Að óbreyttu skapar ákvæðið óvissu. Þegar orkusafnara er veitt undanþága er gefið til kynna að starfsemi sem fellur undir skilgreininguna geti verið undanþegin leyfisskyldu.

Krafa um leyfi tryggir að orkusafnari beri jöfnunarábyrgð eða feli hana jöfnunarábyrgum aðila með samningi og lúti eftirliti Raforkueftirlitsins. Það samrýmist RED II sem gerir ráð fyrir að orkusafnarar haldi skyldum sínum (18. tl. 2. gr.) og að samsöfnun lúti þeim reglum sem gilda um slíka starfsemi (b-liður 4. mgr. 22. gr.). Það samrýmist einnig gildandi skipan jöfnunarábyrgðar hér á landi og reglum ESB-réttar, sbr. d-lið 3. mgr. 17. gr. tilskipunar (ESB) 2019/944.

Tillögur að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
2. tölul. 1. gr. (jafningja-viðskipti)	Sala á endurnýjanlegri orku milli markaðsaðila á grundvelli samnings með fyrirframákveðnum skilyrðum um sjálfvirka framkvæmd og uppgjör, annaðhvort beint eða með milligöngu þriðja aðila, svo sem orkusafnara.	Sala á endurnýjanlegri raforku milli notenda skv. 18. gr. d, annarra notenda, orkusamfélaga og sölufyrirtækja á grundvelli samnings með fyrir fram ákveðnum skilyrðum um sjálfvirka framkvæmd og uppgjör, annaðhvort beint eða með milligöngu þriðja aðila, svo sem orkusafnara.
3. tölul. 1. gr. (orkusafnari)	Aðili sem sameinar álag eða raforkuvinnslu fleiri en eins markaðsaðila í eina einingu …	Aðili sem sameinar álag eða raforkuvinnslu fleiri en eins notanda endurnýjanlegrar raforku sem hann framleiðir sjálfur í eina einingu til kaups, sölu eða uppboðs á raforkumarkaði eða til afhendingar kerfisþjónustu, óháð því hvort hann er jafnframt sölufyrirtæki þeirra sem í hlut eiga.

5. Tenging minni framleiðslueininga (síðari málsgrein a-liðar 3. gr.)

Samorka styður einfalt tilkynningarferli fyrir minni framleiðslueiningar í samræmi við 17. gr. RED II.

Samkvæmt gildandi leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar nær tilkynningarferlið nú aðeins til framleiðslu til eigin nota undir 16 A. Til að mata raforku inn á kerfið og selja hana þarf meðal annars[1]:

- samning við dreifiveitu um tengingu vinnslueiningar;
- tilnefningu ábyrgðarmanns til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og leyfi fyrir spennusetningu;
- tengingu af löggiltum rafverktaka samkvæmt viðeigandi stöðlum og tæknilegum tengiskilmálum dreifiveitna (TTR);
- snjallmæli eða aðra fjarmælingu innmötunar;

[1] aYsqGN0YXLCxVpiC_leidbeiningar12-100-kw-2025.pdf

- samning við sölufyrirtæki um kaup á raforkunni.

Þessar kröfur tryggja öryggi raforkukerfisins og þeirra sem við það vinna, rétta mælingu og uppgjör innmataðrar raforku og að jöfnunarábyrgur aðili standi að viðskiptunum. Þær verða að vera uppfylltar óháð stærð einingar. Einfalt tilkynningarferli breytir því hvernig tenging fer fram en ekki þeim efnislegu kröfum sem gerðar eru til hennar. Séu kröfurnar uppfylltar á notandi að geta tengst einnig með innmötun á grundvelli einfaldrar tilkynningar.

Ákvæðið þarf að endurspegla þetta. Jafnframt vantar í það fyrirvara 17. gr. RED II um jafngildi 10,8 kW við aðra en þriggja fasa tengingu. Einfasa kerfi eru enn víða.

Þá getur tenging kallað á breytingar á mælibúnaði eða aðrar tæknilegar ráðstafanir sem ekki verður lokið innan eins mánaðar. Dreifiveita þarf því að geta upplýst um slíkar ráðstafanir innan frestsins og gert grein fyrir áætluðum framkvæmdartíma, frekar en að hafna tengingu. Jafnframt þarf að vera skýrt að einfalt tilkynningarferli leysir aðila ekki undan lögbundnum kröfum um rafmagnsöryggi og mælingar eða nauðsynlegum tæknilegum tengi- og samrekstrarskilyrðum.

Loks þarf ráðrúm til að laga framkvæmdina að breyttum lögum:

- Umhverfis- og orkustofnun þarf að endurskoða leiðbeiningar sínar.
- Dreifiveitur þurfa að breyta tæknilegum tengiskilmálum, eyðublöðum og verkferlum
- Í reglugerð skv. 8. mgr. 16. gr. þarf að skilgreina hvað felst í fullnægjandi tilkynningu, enda ræðst upphaf eins mánaðar frestsins af henni.

Samorka leggur til að ákvæðið öðlist gildi sex mánuðum eftir að reglugerðin hefur verið birt.

Tillaga að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
Síðari ný mgr. 16. gr. (a-liður 3. gr.)	Framleiðslueining eða samanlagðar framleiðslueiningar notenda skv. 18. gr. d með rafafl 10,8 kW eða minna skulu tengdar dreifikerfi á grundvelli einfaldrar tilkynningar. Dreifiveita getur innan eins mánaðar frá móttöku fullnægjandi tilkynningar hafnað tengingu eða lagt til annan tengipunkt, enda byggist ákvörðunin á rökstuddum öryggissjónarmiðum eða tæknilegu ósamræmi kerfishluta.	Framleiðslueiningar eða samanlagðar framleiðslueiningar notenda skv. 18. gr. d skulu tengdar dreifikerfi á grundvelli einfaldrar tilkynningar ef afl þeirra er 10,8 kW eða minna við þrífasa tengingu eða jafngilt afl við aðrar tengingar. Dreifiveita getur innan eins mánaðar frá móttöku tilkynningar hafnað tengingu eða lagt til annan tengipunkt, enda byggist ákvörðunin á rökstuddum öryggissjónarmiðum eða tæknilegu ósamræmi kerfishluta. Dreifiveitu er heimilt að fresta framkvæmd tengingar ef nauðsynlegar breytingar á mælibúnaði eða aðrar nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir eru forsenda þess að tenging uppfylli gildandi öryggis- og tæknikröfur. Ákvörðun um frestun skal tekin og tilkynnt innan mánaðarfrestsins. Í tilkynningu skal lýsa nauðsynlegum ráðstöfunum, rökstyðja þörf þeirra og tilgreina áætlaðan framkvæmdartíma.

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
		Frestun skal takmarkast við þann tíma sem nauðsynlegur er til framkvæmdanna og skulu þær unnar án ástæðulauss dráttar. Tilkynningarferlið leysir ekki undan lögbundnum kröfum um rafmagnsöryggi eða nauðsynlegum og hóflegum mæli-, tengi- og samrekstrarskilyrðum. Heimild til tengingar kemur ekki í stað nauðsynlegra samninga vegna sölu, uppgjörs og jöfnunarábyrgðar þegar fyrirhuguð er sala raforku inn á dreifikerfið.
8. mgr. 16. gr. (b-liður 3. gr.)	Ráðherra skal, að fenginni umsögn Raforkueftirlitsins, setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við dreifi kerfið. Einnig skal mæla fyrir um starfsumgjörð notenda skv. 18. gr. d og orkusamfélaga, þar á meðal einfalt tilkynningarferli vegna nettengingar minni framleiðslueininga, fyrir komulag mælinga og undanþágur frá þeim, deilingu og úthlutun raforku til félagsmanna orkusamfélags, nauðsynlega upplýsingamiðlun og uppgjör. Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að einfaldað tilkynningarferli taki til framleiðslueininga allt að 50 kW, enda sé sýnt fram á að áreiðanleika og öryggi dreifikerfis sé viðhaldið.	Ráðherra skal, að fenginni umsögn Raforkueftirlitsins, setja í reglugerð nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna, kerfisstjórnun og tengingu virkjana við dreifikerfið. Einnig skal mæla fyrir um starfsumgjörð notenda skv. 18. gr. d og orkusamfélaga, þar á meðal einfalt tilkynningarferli vegna tengingar minni framleiðslueininga og fyrirkomulag mælinga. Samræma skal tilkynningarferlið við viðeigandi öryggis-, mæli-, tengi- og samrekstrarskilyrði og útfæra framkvæmd ákvæðanna um nauðsynlegar tæknilegar ráðstafanir vegna tengingar. Reglugerðin skal sett að höfðu samráði við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og dreifiveitur. Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn dreifiveitna og Raforkueftirlitsins, að ákveða í reglugerð að einfaldað tilkynningarferli taki til framleiðslueininga allt að 50 kW, enda hafi tæknilegt mat sýnt að stöðugleika, áreiðanleika og öryggi dreifikerfisins sé viðhaldið.

7. Gjaldskrár dreifiveitna (4. gr.)

Samorka tekur undir það sem fram kemur í greinargerð með 4. gr., að ákvæðinu sé ekki ætlað að leiða til þess að notendur skv. 18. gr. d eða orkusamfélög njóti almennt lægri gjalda en aðrir notendur eða verði undanþegin greiðslu fyrir notkun dreifikerfisins. Gjaldskrár eiga eftir sem áður að byggjast á meginreglum raforkulaga um kostnaðargrundvöll, jafnræði og gagnsæi. Sama leiðir af RED II sem gerir ráð fyrir að orkusamfélög greiði viðeigandi, sanngjörn og kostnaðarendurspeglandi gjöld, sbr. d-lið 4. mgr. 22. gr. Dreifiveitan þarf áfram að geta annað aflþörf notenda þegar eigin framleiðsla er lítil eða engin.

Orðalagið „skulu sérstaklega taka mið af“ er hins vegar óskýrt og getur verið skilið sem krafa um sérkjör. Það þarf að endurspegla að gjaldskráin taki til þessara aðila með sama hætti og annarra og að gjöld endurspegli þann kostnað sem þeir valda.

Þess ber einnig að geta að í frumvarpi um sjálfstæði Raforkueftirlitsins (mál S-58/2026 í Samráðsgátt) er lagt til að Raforkueftirlitið sem sjálfstæður eftirlitsaðili setji viðmið og aðferðafræði sem gjaldskrár dreifiveitna byggjast á.

Tillaga að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
1. málsl. nýrrar mgr. 17. gr. a (4. gr.)	Gjaldskrár dreifiveitna skulu sérstaklega taka mið af notendum skv. 18. gr. d og orkusamfélögum.	Gjaldskrár dreifiveitna skulu taka til notenda skv. 18. gr. d og orkusamfélaga og endurspegla með sanngjörnum og gagnsæjum hætti og á jafnræðisgrundvelli þann kostnað sem notkun þeirra á dreifikerfinu veldur, sbr. 1. mgr.
2. málsl. sömu mgr.	Dreifiveitur skulu ekki hindra rétt þeirra til að framleiða, nota, geyma eða selja eigin raforku.	Dreifiveitur skulu ekki hindra með óréttmætum hætti rétt þeirra til að framleiða, nota, geyma eða selja eigin raforku. Kröfur sem leiða af tæknilegum tengiskilmálum, mælingum og uppgjöri teljast ekki hindrun í þessum skilningi.

8. Orkusamfélög (a-liður 7. gr. – 18. gr. c)

Samorka styður að settur verði skýr lagarammi um orkusamfélög. Tvö atriði þarf þó að skýra.

Deiling er ekki dreifing. Samkvæmt 1. mgr. 18. gr. c er orkusamfélagi heimilt að deila raforku frá eigin framleiðslueiningum meðal félagsmanna. RED II gerir ráð fyrir að slík deiling fari fram um dreifikerfi viðkomandi dreifiveitu og í samstarfi við hana, sbr. c-lið 4. mgr. 22. gr. tilskipunarinnar. Deiling felst þannig í reikningslegri úthlutun mældrar framleiðslu til mælistaða félagsmanna. Hún felur ekki í sér heimild orkusamfélags til að dreifa raforku um eigin lagnir milli lóða enda hefur dreifiveita einkarétt á dreifingu skv. 13. gr. raforkulaga. Þetta leiðir af RED II og fær stoð í a-lið 3. gr. frumvarpsins, þar sem dreifiveitum er falið að vinna með orkusamfélögum að mælingu, deilingu, úthlutun og uppgjöri án þess að lögbundið hlutverk þeirra breytist. Samorka telur rétt að þetta komi skýrt fram í nefndaráliti.

Dreifisvæði og nálægð. Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. c skulu raunveruleg yfirráð vera í höndum félagsmanna sem eru staðsettir „innan sama dreifisvæðis eða spennustigs og orkuvinnslan“. Orðið dreifisvæði er ekki skilgreint í raforkulögum. Því má ekki rugla saman við dreifiveitusvæði skv. 4. tl. 3. gr. laganna, sem er allt annað: svæðið sem dreifiveita hefur einkarétt til dreifingar á og getur náð yfir stóran hluta landsins. Nálægðarskilyrðið á að vísa til nálægðar við orkuvinnsluna, í samræmi við RED II og þá netfræðilegu nálægð sem greinargerð vísar til. Samorka leggur til að ákvæðið vísi til nálægðar eins og skilgreining orkusamfélags í 1. gr. gerir og að hún verði afmörkuð nánar í reglugerð.

Tillaga að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
1. málsl. 3. mgr. 18. gr. c	Raunveruleg yfirráð orkusamfélags skulu vera í höndum félagsmanna eða hluthafa sem eru staðsettir innan sama dreifisvæðis eða spennustigs og orkuvinnslan.	Raunveruleg yfirráð orkusamfélags skulu vera í höndum félagsmanna eða hluthafa sem eru staðsettir í nálægð við orkuvinnsluna. Ráðherra setur nánari ákvæði um afmörkun nálægðar í reglugerð.

9. Jafningjaviðskipti (18. gr. e)

Jafningjaviðskipti (18. gr. e). Samkvæmt 1. málsl. eru jafningjaviðskipti heimil milli notenda skv. 18. gr. d, orkusamfélaga „og annarra aðila á raforkumarkaði“. Undanþága frá leyfisskyldu í 5. gr. nær hins vegar aðeins til jafningjaviðskipta „milli slíkra aðila“. Samræma þarf ákvæðin. Í 3. málsl. vantar orðið „skyldur“ („réttindi eða *skyldur* notanda“). Þá kemur fram í greinargerð að uppgjör raforku, mælingar og skráning hjá dreifiveitu fari að öðru leyti eftir almennum reglum um raforkuviðskipti. Samorka telur að slík grundvallarregla eigi heima í lagatextanum sjálfum.

Tillaga að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
18. gr. e (c-liður 7. gr.)	Jafningjaviðskipti með endurnýjanlega raforku eru heimil á milli notenda skv. 18. gr. d, orkusamfélaga og annarra aðila á raforkumarkaði. Viðskiptin geta farið fram beint eða óbeint með milligöngu þriðja aðila. Þátttaka í jafningjaviðskiptum hefur ekki áhrif á réttindi eða notanda samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, þar á meðal rétt til að velja eða skipta um sölufyrirtæki.	Jafningjaviðskipti með endurnýjanlega raforku eru heimil á milli notenda skv. 18. gr. d, annarra notenda, orkusamfélaga og sölufyrirtækja. Viðskiptin geta farið fram beint eða óbeint með milligöngu þriðja aðila sem hefur leyfi skv. 18. gr. Þátttaka í jafningjaviðskiptum hefur ekki áhrif á réttindi eða skyldur notanda samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, þar á meðal rétt til að velja eða skipta um sölufyrirtæki. Um mælingar, uppgjör, skráningu og jöfnunarábyrgð vegna jafningjaviðskipta fer eftir almennum reglum um raforkuviðskipti.

10. Leyfisveitingar (9. gr.) og tengsl við frumvarp um flýtingu uppbyggingar raforkuinnviða

Samkvæmt 9. gr. skal Umhverfis- og orkustofnun innan 30 daga staðfesta hvort umsókn um virkjunarleyfi telst fullnægjandi. Frá þeirri staðfestingu skal málsmeðferð lokið innan 18 mánaða. Jafnframt geti umsækjandi óskað eftir að ein umsókn nái til nýtingarleyfis, starfsleyfis og heimildar til breytinga á vatnshloti og að gefið verði út eitt leyfi.

Samorka fagnar þessum skrefum. Samræming leyfa og lögbundnir frestir eru til bóta. Ákvæðið tekur þó aðeins til síðasta áfanga ferlisins. Frestur sem byrjar að líða þegar allt er tilbúið leysir ekki þá töf sem verða á fyrri stigum, svo sem við rammaáætlun, mat á umhverfisáhrifum og skipulagsgerð. Þessi stig ráða mestu um heildartíma verkefna. Frestur sem byrjar að líða þegar allt er tilbúið leysir ekki þann vanda sem RED II var ætlað að taka á. Þá er tillagan um 18 mánaða frest til afgreiðslu umsóknar töluvert lengri en núgildandi frestur sem er 2 mánuðir samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 þar sem segir: *Ákvörðun ráðherra* [nú Umhverfis- og orkustofnun] *skal liggja fyrir innan tveggja mánaða frá því að öll gögn hafa borist frá umsækjanda og allar umsagnir og athugasemdir liggja fyrir.* Í þessu samhengi færi betur á því að lögfesta umræddan tveggja mánaða frest.

Samorka mun jafnframt veita umsögn um drög að frumvarpi um flýtingu uppbyggingar raforkuinnviða og einföldun regluverks sem nú eru í samráðsgátt, mál nr. S-232/2026. Það frumvarp tekur á þeim stigum sem 9. gr. nær ekki til og er að mati Samorku lykilatriði ef markmið um hraðari uppbyggingu eiga að nást. Samorka leggur áherslu á að frumvörpin tvö verði samræmd og að flýtingarfrumvarpið verði lagt fram á yfirstandandi löggjafarþingi.

Samorka leggur jafnframt ríka áherslu á að hraðað verði upptöku tilskipunar (ESB) 2023/2413 (RED III) í EES-samninginn og innleiðingu ákvæða hennar um leyfisveitingar hér á landi. Samkvæmt RED III skal leyfisveitingarferli fyrir orkuver á hröðunarsvæðum ekki taka lengri tíma en tólf mánuði og utan þeirra ekki lengri tíma en tvö ár. Fyrir endurnýjun orkuvera og einingar undir 150 kW eru frestirnir sex mánuðir á hröðunarsvæðum og tólf mánuðir utan þeirra. Þá skal samkvæmt 16. gr. f gengið út frá því í leyfisveitingarferlinu að skipulag, bygging og rekstur orkuvera sem nýta endurnýjanlega orkugjafa, tenging þeirra við netið, tengdir netinnviðir og orkugeymslur þjóni brýnum almannahagsmunum og stuðli að lýðheilsu og almannaöryggi þegar hagsmunir eru vegnir saman í einstökum tilvikum. Á meðan þessar reglur hafa ekki verið teknar upp hér á landi búa íslenskir orkuframleiðendur við lengri, kostnaðarsamari og ófyrirsjáanlegri leyfisferla en keppinautar þeirra á innri markaðnum. Það dregur úr samkeppnishæfni íslenskrar orkuframleiðslu og þar með þeirra atvinnugreina sem á henni byggja og torveldar að markmið um orkuöryggi og orkuskipti náist. Samorka hvetur stjórnvöld til að setja upptöku og innleiðingu RED III í forgang að þessu leyti.

12. Gildistaka og setning reglugerðar (35. gr.)

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. öðlast lögin þegar gildi. Á sama tíma er fjöldi efnisatriða falið reglugerð skv. 8. mgr. 16. gr., þar á meðal tilkynningarferli, mælingar, deiling og úthlutun raforku og uppgjör. Án reglugerðarinnar verða réttindin sem frumvarpið kveður á um ekki framkvæmanleg með öruggum hætti. Þeim fylgir óvissa um framkvæmd og ábyrgð auk hættu á ágreiningi milli notenda og dreifiveitna.

Samorka leggur til að efnisákvæði sem reglugerðin á að útfæra öðlist ekki gildi fyrr en reglugerðin hefur verið sett að höfðu samráði við dreifiveitur og að dreifiveitum gefist hæfilegur tími til aðlögunar.

Tillaga að breyttu orðalagi

Ákvæði	Frumvarpið	Tillaga Samorku
Ný málsgrein í 35. gr.	–	Ákvæði a-liðar 3. gr. og 4., 5. og 7. gr. öðlast gildi sex mánuðum eftir að reglugerð skv. 8. mgr. 16. gr. raforkulaga, sbr. b-lið 3. gr., hefur verið birt í Stjórnartíðindum. Ráðherra skal setja reglugerðina að höfðu samráði við dreifiveitur og að fenginni umsögn Raforkueftirlitsins.

13. Lokaorð

Samorka styður markmið frumvarpsins um að efla þátttöku notenda og orkusamfélaga í framleiðslu og sölu endurnýjanlegrar raforku. Til að réttindin verði raunhæf og örugg í framkvæmd þurfa þau þó að falla að grunnskipan raforkulaga um sérleyfi dreifiveitna, mælingar, uppgjör og jöfnunarábyrgð.

Jafnframt þarf reglugerð unnin í samráði við dreifiveitur að liggja fyrir áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Samorka fagnar skrefum frumvarpsins í átt að einfaldari leyfisveitingum. Lögbundnir frestir þurfa þó að ná til ferlisins í heild. Frumvarp um flýtingu uppbyggingar raforkuinnviða og upptaka RED III skipta þar sköpum fyrir samkeppnishæfni íslenskrar orkuframleiðslu.

Samorka er reiðubúin til frekara samráðs um einstök atriði umsagnarinnar, auk þess að mæta á fund nefndarinnar og gera þar frekar grein fyrir sjónarmiðum sínum.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur